

Skipulagssvið
María Markúsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

21.12.2021
2021-12-40/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu deiliskipulags Hlíðarfjallsveg 5, Akureyri

Landsneti barst þann 13. desember 2021 beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu lóða fyrir gagnaver og aðra atvinnustarfsemi á svæði AT16 við Hlíðarfjallsveg 5, í gildandi aðalskipulagi Akureyrar. Umsagnafrestur er til og með 30. desember 2021.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 2.2. í skipulagslýsingunni kemur fram að til suðurs frá tengivirkinu á Rangárvöllum liggja tvær loftlínur, þ.e. Kröflulína 1 og Laxárlína 1. Til standi að taka Laxárlínu niður með tilkomu nýs jarðstrengs Hólasandslínu 3 um sama svæði.

Landsnet telur rétt að vekja athygli á eftirfarandi atriðum, sem mikilvægt er að taka tillit til við skipulagstillöguna:

- Laxárlína 1 liggur austar og nær skipulagssvæðinu en utan þess. Áætlað er að rífa Laxárlínu 1 árið 2023 eða 2024.
- Auk niðurrifs á Laxárlínu 1 stendur einnig til að taka niður Kröflulínu 1 sem er áætlað sumarið 2022.
- Jarðstrengur Hólasandslínu 3 (tvö samsíða strengsett) var lagður sumar og haust 2021. Strengurinn liggur austan núverandi reiðstígs, við vesturjaðar skipulagssvæðisins. Helgunarsvæði strengsins er 20 m breitt og gæti náð inn fyrir mörk svæðisins. Landsnet minnir á að í deiliskipulaginu þarf að gera grein fyrir strengjunum og þeim kvöðum sem gilda um öryggissvæði þeirra. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðið. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð sem er að finna á heimasíðu Landsnets*.¹
- Í nýrri strengjabrú yfir Glerá og í ídráttarrörum sem liggja undir Hlíðarfjallsveg er gert ráð fyrir lagnaleið fyrir síðari tíma jarðstreng. Gera þarf ráð fyrir lagnaleið fyrir jarðstrenginn þar á milli, vestan við jarðstrengs Hólasandslínu 3. Vætanlega er þetta utan þess svæðis sem er verið að fyrirhugað deiliskipulag nær til, en hafa verður jarðstreng Hólasandslínu 3 og þessa framtíðar lagnaleið í huga þegar tenging við Hlíðarfjallsveg er hönnuð.

Virðingarfyllt

Svandís Hlín Karlsdóttir
Forstöðumaður viðskiptatengsla og -þróunar

¹ <https://www.landsnet.is/library/Skiol/FramkvAemdir/H%C3%A1spennul%C3%ADnur-A%C3%B0g%C3%A1t-skal-h%C3%B6f%C3%B0.pdf>

Undirritunarsíða

Svandís Hlín Karlsdóttir